

**Menningar,- íþróttá- og tómstundaráð Reykjanesbæjar (MÍT), og  
Sæpotufélag Suðurnesja, gera með sér eftirfarandi**

## **SAMNING**

**um kynningu á sæpotusporti í Reykjanesbæ árið 2006 og þátttöku í margvíslegum  
háttíðarhöldum í Reykjanesbæ, s.s. Ljósanótt.**

1. Sæpotufélag Suðurnesja tekur að sér að halda kynningu í Reykjanesbæ á meðhöndlun og öryggisatriðum sæpota. Að auki samþykkir félagið að bjóða bæjarbúum upp á sjóferðir í tilefni háttíðarhalda. Félagið metur sjálft á hvern hátt slíkar sjóferðir fara fram, enda eru slíkar ferðir háðar veðri og vindum hverju sinni. Félagið heldur skrá um þátttöku bæjarbúa, sbr. 3. grein.
2. Sæpotufélagið sér um að auglýsa ofangreinda kynningu, en MÍT mun stuðla að því að auglýsa starfsemi félagsins eins og kostur er samhliða öðrum ferðatengdum auglýsingum á vegum Reykjanesbæjar.
3. Sæpotufélagið skilar inn til MÍT skýrslu eigi síðar en 1.október 2006 um hvernig staðið var að kynningunni hvort ár, hver þátttakan var og hvað kom út úr fyrrgreindri kynningu.
4. MÍT greiðir Sæpotufélagi Suðurnesja **kr. 150.000.-** (eitt hundrað og fimmtíu þúsund krónur), sem greiðist þannig að kr. 100.000 greiðast við undirritun samningsins og kr. 50.000.- greiðast þegar skýrsla verksala hefur borist.
5. Samningur þessi gildir til 31. desember 2006.
7. Samning þennan er heimilt að endurskoða hvenær sem er á gildistímanum, ef annar hvor samningsaðila óskar þess.
8. Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða eintök, sitt handa hvorum aðila.

Reykjanesbæ \_\_\_\_\_2006.

**F.h. MÍT**

**F.h.Sæpotufélags Suðurnesja**

---

---